

82

Gjöld:		kr. a.
1. Borgað Eyjólf Guðmundssyni á Eyjarbakka innan Húnavatnssýslu fyrir ferð til Skagafjarðar, Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslna 1876 til að leggja ráð á, hvernig æðarvarp skuli bæta og upp koma . . . . .		125 78
2. Hjer færast til jafnaðar endurborgað lán, sjá tekjugrein 2. . . . .		135 "
3. Sjóður við árslok 1876:	kr. a.	
a, í konunglegum skuldabryfum . . . . .	1430 18	
b, innritunarskírteinið tekjugrein 1. b . . . . .	400 "	
c, skuldabryf fjárhagsstjórnarinnar 1. c . . . . .	200 "	
d, í láni hjá einstökum mönnum . . . . .	1965 "	
e, í peningum . . . . .	209 90	4205 8
	Samtals	4465 86

83

V.

Jökulsárbrúarsjóðurinn í Norður-Múlasýslu á árinu 1876.

Tekjur:		kr. a.
1. Sjóður við árslok 1875:	kr. a.	
a, konunglegt skuldabr. Nr. 393 dags. 22. apríl 1839 að upphæð . . . . .	400 "	
b, í láni mót veði í fasteign og 4% vöxtum . . . . .	2500 "	2900 "
2. Vextir til 11. júní 1876:		
a, af hinu konunglega skuldabryfi 4% . . . . .	16 "	
b, af skuldabryfum einstakra manna . . . . .	100 "	116 "
	Samtals	3016 "
Gjöld:		kr. a.
1. Skuld við amtmanninn . . . . .		89 55
2. Fyrir hirðingu brúarinnar m. fl. . . . .		6 "
3. Sjóður við árslok 1876:	kr. a.	
a, í konunglegu skuldabryfi með 4% . . . . .	400 "	
b, í láni mót veði í fasteign og 4% vöxtum . . . . .	2500 "	
c, í peningum . . . . .	20 45	2920 45
	Samtals	3016 "

84

### Auglýsing.

6. júní.

Eptir því sem ráðgjafinn hefir tilkynnt mjer, má álíta, að bóluveikin í Holbæk sje hætt (sbr. augl. í þ. á. Stjórnart. B 55).

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 6. júní 1878

**Hilmar Finsen.**

Jón Jónsson.

ÓVEITT ENBÆTTI,

er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

Embætti sem settur kennari við hinn lærða skóla í Reykjavík; árslaun 2000 kr.

Sá, sem skipaður verður í þetta embætti, verður að geta tekið að sjer kennslu í hinum nýrri tungumálum, og auk þess er hann skyldur að takast á hendur umsjón við skólann án sjerstakrar þóknunar, verði þess krafizt.

Sœki aðrir en Íslendingar um þetta embætti, verða þeir hinir sömu að láta bónarbryfum sínum fylgja tilheyrilegt vottorð um kunnáttu í íslenzkri tungu, samkvæmt konungsúrsk. 8. apríl 1844, 27. maí 1857 og 8. febr. 1863.

Embættið var auglýst 24. maí 1878, og eiga bónarbryf um það að vera komin til ráðgjafans 11. ágúst 1878.